

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015,**  
**íbúðarsvæði Stóra-Ármóti og Litla-Ármóti, Flóahreppi.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 1. nóvember 2012 breytingu á aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015, sem samþykkt var í sveitarstjórn Flóahrepps þann 3. október 2012. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 18. október 2012.

Í breytingunni felst að 4 ha svæði fyrir frístundabyggð er breytt í landbúnaðarsvæði. Jafnframt er 11 ha landbúnaðarsvæði breytt í íbúðarsvæði fyrir allt að 10 hús.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 1. nóvember 2012.*

**Stefán Thors.**

---

*Erna Hrönn Geirsdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 16. nóvember 2012